

Reykjavík, 19. mars 2015

## **GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU SÍLDARVINNSLUNNAR NESKAUPSSTAÐ**

### **INNGANGUR**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupsstað á tímabilinu 16. desember til 17. febrúar 2015. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðisnefndar Austurlands, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlitsins.

### **ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR**

Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við starfsleyfistillögu að því tilskildu að fyrirtækið fari að þeim lögum og reglum sem Vinnueftirlitinu er falið eftirlit með.

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Heilbrigðisnefnd Austurlands gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna aðrar en þær að í texta við gr. 1.2 og 2.3 kom fram orðið „fiskúrgangur“ en í nýlegum starfsleyfum sem gefin hafa verið út er notað „afskurður og fráflokkaður fiskur/aukaafurðir“, var þessu breytt í starfsleyfinu.

Umsækjandi gerði athugasemdir við orðalag um fiskúrgang í grein 2.3 enda lítur umsækjandi ekki á hráefni sitt sem úrgang. Greininni hefur nú verið breytt á þann hátt að fjallað er um afskurð og aukaafurðir í stað afskurðs og annars fiskúrgangs. Umsækjandi óskar einnig eftir því að í gr. 3.2. verði fellt úr orðið „senda“ varðandi skil á TVN mælingum og niðurstöðurnar einungis aðgengilegar eftirlitsaðila í verksmiðjunni. Umhverfisstofnun telur ekki nægilegt að mælingar séu aðgengilegar í eftirliti á staðnum og fer fram á að niðurstöður mælinga séu sendar eftirlitsaðila eins og gildir í eldra starfsleyfi. Sams konar krafa er gerð í öðrum starfsleyfum.

### **AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU**

- Í grein 3.2 var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar inn eftir hverja vertíð.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.